

Bréf til Jóhönnu Sigurðardóttur, Forsætisráðherra

Rammi aðgerða til sátta um skuldavanda heimilanna

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna lýsir yfir vilja til náins samráðs um frekari framþróun lausna á skuldavanda og þrúgandi fjárhagsstöðu heimila landsins. Samtökin telja þó brýnt að unnið sé með markvissum og formlegri hætti í málum heimilanna í núverandi stöðu, til að ná utan um vandann og skapa skilyrði til viðspyrnu og endurreisnar hagkerfisins og eflingu trausts milli aðila.

Það er ljóst að þung skulda- og greiðsluferfiðleikastaða heimilanna hefur veruleg áhrif á rekstrarhæfi atvinnulífsins, eignir, sjóðsstreymi og stöðuleika fjármálakerfisins, tekjur, skuldbindingar og kostnað hins opinbera. Vandí heimilanna hefur enn ekki verið fyllilega greindur, en ljóst er á fyrirliggjandi gögnum að hann er verulegur og enn vanmetinn. Mikill ágreiningur er um efnistöð og hagstjórn stjórnvalda og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja í aðdraganda hrunsins, þar sem fjöldi dómsmála er í ferli og fjöldi slíkra er í undirbúningi. Margt bendir til að skammtíma hagsmunir fjármálafyrirtækja og stjórnvalda í aðdraganda hruns hafi farið saman geng hagsmunum heimila og atvinnulífs, þar sem velta og hagvöxtur voru byggð á gríðarlegri skuldaaukningu heimila og fyrirtækja. Mikill ágreiningur er einnig um efnistöð og hagstjórn sem viðbragða við hruninu, þar sem álitamál er um hvernig gríðarlegum fjárhæðum af almannafé var varið til að verja fjármálafyrirtæki, innistæður og sjóði, en á sama tíma var ákveðið að bregðast ekki við fyrirsjáanlegri hækkun verðtryggðra skulda, eða stökkbreytingu gengistryggðra lána neytenda, sem síðan hafa verið dæmd ólögumæt frá öndverðu.

Lausn á skuldavanda heimilanna hefur samtímis áhrif á ýmsa aðra þætti, svo sem traust til kjörinna fulltrúa, stjórnsýslu og fjármálafyrirtækja. Ljóst er að verulega hallar á réttarstöðu lántaka í viðskiptasambandi við fjármálafyrirtæki, eftirliti er ábótavant og eignarréttur lántaka er metinn minna virði en eignarréttur lánveitanda. Vandí heimilanna teygir sig inn í fleiri grunnkerfi samfélagsins sem gerir lausn hans flóknari og tímafrekari en ella. Lausn hans hefur því víðtækari áhrif en fjárhagsleg, þar sem um grunn samfélagsátt eftir hrun fjármálakerfisins er að ræða, skilyrði til viðspyrnu og endurreisnar hagkerfisins. Stjórnvöld verða að hafa forystu í að endurskapa traust og jafnræði milli aðila, sem og hagvæn skilyrði fyrir heimilin í landinu með skýrri stefnumótun í málefnum heimilanna sem grunnstoðar samfélagsins og hagkerfisins.

Hagsmunasamtök heimilanna telja mjög mikilvægt að ríkisstjórnin kynni sem allra fyrst heildaryfirsýn aðgerða sem opinbera viljayfirlýsingu um ramma þeirra aðgerða og kerfisbreytinga sem nauðsynlegt er að ráðast í til að ná fyrir og snúa við ógnvænlegri fjárhagsþróun heimilanna. Þær samningsumleitanir sem nú eru í umræðu séu hluti þess aðgerðaramma. Með slíkri yfirlýsingu séu stjórnvöld að boða samfélaginu einbeittan vilja sinn til að taka forystu í þróun þessara mála og getu til að hamla ofríki fjármálafyrirtækjanna gegn þeim grunnstöðum hagkerfisins sem þurfa að vinna hagkerfið út úr þessari þröngu stöðu, heimilum og fyrirtækjum.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna telur mikilvægt að þær samningaumleitanir sem nú eiga sér stað milli aðila um skuldavanda heimilanna, verði með formlegri hætti og leiði til formlegrar niðurstöðu. Samtökin lýsa yfir vilja til þátttöku slíkra sáttaumleitana. Eigi samtökin að koma að frekari sáttavinnu um skuldavanda heimilanna, verði samtökin skilgreind sem samningsaðili heimilanna í ferlinu, sem hluti fulltrúa neytenda.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til eftirfarandi tillögu að ramma um aðgerðir til sátta um skuldavanda heimilanna og aðgerðir til viðsnúnings á sí vaxandi skuldaþróun, til nánari útfærslu milli aðila:

- **Almenn leiðrétting verð- og gengistryggðra lána heimilanna vegna lögheimilis.** Markmið aðgerðar er að forða því að stöðugt fleiri heimili þurfi á sértækri skuldaaflögun að halda og að byrðum sé dreift milli aðila (lántaka, lánveitenda og skattgreiðenda) með sanngjörnum hætti. Aðgerð ná til sem flestra heimila, sé skilvirk og áhrifa gæti fljótt og að

umsýslukostnaður sé sem minnstur.

Útfærslu slíkrar leiðréttingar skuli lokið fyrir 1. desember nk. í samkomulagi hagsmunaaðila, stjórnvalda og fulltrúa neytenda eða með neyðarlögum um brýna efnahagsaðgerð.


(sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)

- **Gera sértæk greiðsluerfiðleikaúrræði skilvirkari** fyrir þá sem almenn aðgerð nægir ekki fyrir. Markmið aðgerða sé að sem flest yfirskuldsett heimili nái endum saman, umsýslukostnaður sé sem minnstur og fólk hafi þak yfir höfuðið fyrir viðráðanlegt endurgjald. Í þessu ástandi verði lagt sérstök áhersla á skilvirka málsmeðferð og úrvinnslu. Útfærsla endurskoðunar núverandi úrræða og möguleg innleiðing frekari úrræða sé lokið fyrir lok febrúar 2011, unnin í samvinnu við hagsmunaaðila og fulltrúa neytenda.
- **Gera þrotameðferð einstaklinga styttri með styttingu endanlegs fyrningarfrests krafna**, fyrir þá sem ekki verður bjargað fjárhagslega með ofangreindum leiðum. Markmið aðgerðar er að veita yfirskuldsettu fólki tækifæri til fjárhagslegs sjálfstæðis á ný sem fyrst og lámárka þannig umsvif árangurslausra fjárnáma, veltu innan svarta hagkerfisins og landflóttu. Útfærslu verði lokið fyrir 1. desember nk.
- **Efla eftirlit með afurðum og vinnubrögðum fjármálfyrirtækja, innheimtuaðila og nefndum um ágreiningsmál neytenda við fjármálfyrirtæki.** Allar niðurstöður eftirlitsaðila verði gerðar opinberar ársfjórðungslega. Boðuð verði hert viðurlög við brotum á gildandi reglum. Eftirlit taki sérstaklega til skoðunar vörslusviptingar, samninga og framkvæmd um sértæka skuldaaðlögun, greiðsluáðlögun og nauðungarsamninga afturvirkir frá 1.1.2009. Útfærslu sé lokið og hert eftirlit taki til starfa fyrir lok febrúar 2011.
- **Hefja skipulega greiningu og rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna** Fjárhagsstaða heimilanna verði greind af óháðri stjórnsýslustofnun og niðurstöður kynntar ársfjórðungslega til framtíðar. Mörk skuldsetningar verði skilgreind sem hófleg, vænt og varhugaverð, miðað við hlutföll eignarhalds og umfang séreignar bílafloða hverju sinni. Unnið verði afturvirkir frá ársbyrjun 2008 með sambærilegum hætti. Útfærslu verði lokið og rannsókn hafin fyrir byrjun mars 2011.
- **Innleiðing úrræða til bættrar hagstjórnar.** Skilgreind verði opinber framfærslukostnaður lámárksframfærslu annars vegar og meðal framfærslukostnaður vegna greiðslumats hins vegar. Gerð verði undantekningarlaus krafa um greiðslumat við öll veðlán einstaklinga. Lög verði sett um að veð takmarkist við veðandlag neytendalána. Lögin taki gildi við skilmálabreytingar eldri lána. Ábyrgð þriðja aðila verði bönnuð. Fjárhagsstaða og málefni heimilanna verði tekið upp sem viðfangsefni, til greiningar og viðbragða innan félagsmálaráðuneytis. Skoðað verði að fela Seðlabanka að stýra hámarks veðhlutföllum útlána hverju sinni, sbr. ákvörðun um bindiskyldu og stýrivexti. Útfærslu verði lokið fyrir lok janúar 2011.
- **Seðlabanki birti árlega Hagspá heimilanna sem hluta af almennri efnahagsspá** Upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna verði grunnur hagspár og taki að öðru leiti mið af öðrum hagstærðum við hagspá hvers árs í riti Seðlabanka um Fjármálastöðuleika. Seðlabanka verði falið að gæta stöðuleika innan hagkerfisins í heild. Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

- **Breytingar á húsnæðislánakerfinu.**
Dregið verði markvisst úr vægi verðtryggingar með tímasettri áætlun um afnám hennar. Komið verði á samkeppni um tekin lán, með innleiðingu breytilegra vaxtakjara. Samkeppnishamlandi lántöku- og uppgreiðslugjöld verði afnumin. Lánveitendur verði kallaðir til meðábyrgðar fyrir efnahagsstöðuleika og hóflegum hagvexti. Leitað verði leiða til að lækka vexti með lækkun vaxta á útgefnum ríkisskuldabréfum og lækkun raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna. Vaxta- og húsaleigubætur taki einnig mið af fjölskyldustærð. Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011. (sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)
- **Aukning og jafnræði valkosta í húsnæðismálum**
Vægi sjálfseignarhalds verði minnkað og vægi leigu, kaupleigu og félagsbústaða verði aukið. Komið verði að nýju upp félagslegu húsnæðiskerfi fyrir launalægstu tekjuhópa. Réttarstaða leigjenda verði styrkt. Útfærslu stefnumörkunar verði lokið fyrir byrjun apríl 2011 og leiði strax til framkvæmda.
- **Aukin neytendavernd**
Neytendavernd og -fræðsla verði eflað. Lög um neytendavernd verð samræmd gildandi lögum norðurlanda og ESB. Almenn fjármálafræðsla verði eflað bæði í skólakerfi og endurmenntun. Kostnaður debet- og kreditkortakerfa verði krufinn og kostnaður kerfa verði greiddur af notendum beggja kerfa, en ekki sendur út í verðlag. Krafa verði gerð um lækkun verðlags í kjölfarið. Stuðlað verði að valkvæmum sparnaði til að undirbúa stærri fjárfestingar fyrir ungmenni. Útfærslum verði lokið fyrir byrjun apríl 2011

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna lýsir samtökin viljug til samráðs á grundvelli ofangreindra atriði og telja brýnt að ríkisstjórn hafi þinglega forystu um að veita almenningi stefnumótandi sýn á umfang aðgerða til hagsbóta fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu sem allra fyrst. Verði viðbrögð og aðgerðir of takmörkuð og tilviljunarkennd munu samtökin áskilja sér rétt til endurskoðunar og annarra efnistaka. Samtökin ítreka þá grunn skoðun sína að nálgast beri almenna leiðréttingu lögheimilislána heimilanna með sem víðtækustum hætti og eru tilbúin til viðræðna um nánari útfærslu leiða til sátta á þeim lið aðgerðanna, sem nú er brýnast að ljúka. Samtökin ítreka hins vegar að slík aðgerð ein og sér dugar þó skammt vegna umfangs vandans og benda því á ofangreind atriði sem heildstæðan ramma til frekari aðgerða. Nefnd tímamörk eru til viðmiðunar. Mikilvægt er að tilgreina slík tímamörk, þannig að ráðrúm sé nægjanlegt til samráðs og yfirvegaðra útfærslna, en ekki síður að veita almenningi þá tiltrú og von að hér sé komið að vatnaskilum óvissu í framvindu og héðan í frá verði unnið markvisst að viðsnúningi á högum heimilanna, hagkerfinu öllu til framþróunar. Slík skilaboð frá stjórnvöldum og þingheimi eru afar mikilvæg á þessum tímamarki í víðtækum skilningi.

Virðingarfyllt,
Fh stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna,



Friðrik Ó. Friðriksson formaður stjórnar

Samrit sent til:

Steingrims J. Sigfússonar, fjármálaráðherra

Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra

Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra

Ögmundar Jónassonar, dómsmála- og mannréttindaráðherra

Formenn allra þingflokka.